

Skýrsla af 110. þingi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO)

Genf 27.5 – 11.6 2022

Sendinefnd Íslands á þinginu var skipuð eftirtöldum aðilum: Frá velferðarráðuneytinu: Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Unnur Elfa Hallsteinsdóttir og Margrét Gunnarsdóttir. Frá utanríkisráðuneytinu: Harald Aspelund, sendiherra Íslands gagnvart Alþjóðastofnunum í Genf og Ragnheiður Kolsöe sendiráðunautur. Fulltrúar íslenskra atvinnurekenda voru þau Álfheiður Sívertsen (fyrrri hluti) og Ragnar Árnason (seinni hluti), lögfræðingar Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúar íslensks launafólks voru Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ og ráðgjafarnir Þór Hinriksson, Stefanía Jóna Nielsen og Dagný Ósk Aradóttir Pind. Þau Þór og Stefanía sátu Genfarskólann. Samhliða þinginu hittist nefnd um félagsfrelsi (CFA) þar sem Magnús M. Norðdahl á sæti auk þess sem stjórn kom saman til stutts fundar eftir þinglok.

Megin málefni

1. Vinnumarkaðurinn – mikilvægi vinnu og framtíð hennar.
2. Aðbúnaður og hollustuhættir sem grundvallaréttindi.
3. Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktanna.

1. Vinnumarkaðurinn – mikilvægi vinnu og framtíð hennar.

Magnús M. Norðdahl tók þátt í störfum þessarar nefndar og sat í samningahóp hennar. Í nefndinni var farið yfir stöðuna á vinnumarkaði frá 2019. Fram kom að framfarir í átt að markmiðinu um fulla, framleiðandi og frjálsa atvinnu fyrir alla hafi verið í hættu vegna Covid-19. Þó í mörgum löndum hafi ráðstafanir hjálpaði til við að vernda starfsmenn og fyrirtæki þá sé bati enn ójafn og ófullkominn. Aukin áhrif frá geopólitískri spennu, einkum yfirstandandi vopnuðum átökum, fari vaxandi, verðbólga, fjármálaórói, mikil skuldabyrði og truflanir á aðfangakeðjunni á heimsvísu, juku ójöfnuð innan og milli hópa launafólks, fyrirtækja og landa. Slök staða ríkisfjármála takmarki jafnframt getu landa til að styðja við endurreisn og auka líkur á meiri ójöfnuði þar sem þróunarlönd verða enn frekar eftir. Á sama tíma séu langvarandi áskoranir á vinnumarkaði viðvarandi bæði hvað varðar magn og gæði atvinnu, eins og sést af aukinni óformlegri vinnu og brotum gegn launafólki, lítilli framleiðni, misræmi í færni, veikum launavexti og ójöfnuði. Þrátt fyrir árangur á sumum sviðum séu hægar framfarir í átt að virkari vinnumarkaði fyrir alla. Konur séu enn í veikari stöðu, með lægri laun, hærra atvinnuleysi, minni virkni og sinna jafnframt meirihluta ólaunaðra umönnunarstarfa. Ungt fólk á áfram í erfiðleikum með að komast erfiðleikalaust úr skóla og mannsæmandi störf. Tækifærin sem búi í framtíð vinnunnar hafa hingað til ekki verið að fullu verið virkjuð, sérstaklega í þróunarlöndum. Lýðfræðilegar breytingar, stafræn gjá og loftslagsbreytingar halda áfram að skyggja á möguleika til sköpunar mannsæmandi starfa. Til þess að ná markmiðinu um fullt, afkastamikið og frjálst valið starf þurfi að hraða aðgerðum.

Í lokaskýrslu nefndarinnar koma fram tillögur um hvernig bæði ILO og aðildarríki stofnunarinnar geti brugðist við auk þess sem styrkja verði samstarf við alþjóðlegar fjármála- og þróunarstofnanir. [Skýrslan í heild.](#)

2. Aðbúnaður og hollustuhættir sem grundvallaréttindi.

1998 ákvað þing ILO að samþykktir ILO um félagafrelsi, afnám nauðungarvinnu, barnavinnu og mismun á vinnumarkaði skyldu binda öll aðildarríki ILO sem grundvallaréttindi. Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið að því að aðbúnaður og hollustuhættir skuli taka sömu stöðu. Niðurstaða fékkst um það á þessu þingi og er það bæði stór og mikilvægur áfangi.

[Lokasamþykkt nefndarinnar](#) sem síðan var staðfest af þinginu.

3. Nefnd um framkvæmd Alþjóðasamþykktta.

Nefndarstarfið hófst að venju með almennum umræðum sem að þessu sinni byggðu á skýrslu um mannsæmandi ummönnunarstörf. Sjá [skýrslu](#). Í framhaldi almennrar umræðu var fjallað um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Að þessu sinni tókst sátt milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks um hvaða lönd og hvaða Samþykktir skyldu teknar fyrir. Fulltrúar launafólks hefðu kosið og fleiri mál er lúta að félagafrelsi hefðu verið tekin fyrir en sáttin gerði annars vegar ráð fyrir jafnvægi milli heimshluta og hins vegar milli grundvallarsamþykktta. Þetta var nokkuð hefðbundið og átakalaust. Fjallað var um 22 mál. [Niðurstöður nefndarinnar](#). Á fundi nefndarinnar var jafnframt kynnt ársskýrsla félagsfrelsisnefndarinnar (CFA). Sjá [ársskýrslu CFA 2021](#).

Genfarskólinn

Genfarskólinn, er skóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og starfaði að venju með miklum krafti. Íslensku þátttakendurnir tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Nemendur fylgdust með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hver hópur skýrslu um þann málaflök sem hann valdi að fylgja eftir á meðan á þinginu stóð. Nánari upplýsingar um Genfarskólann er hægt að finna á meðfylgjandi slóð: [Genfarskólinn](#)

Mat o.fl.

Þingið einkenndist af þeim erfiðleikum sem Covid-19 hefur skapað en þingið var bæði í Genf og á netinu með og stærð sendinefnda takmörkuð. Segja má að dagskráin hafi borið nokkur merki þess að minnka skyldi umfang. Guðmundur Ingi Guðbrandsson ráðherra heimsótti þingið og kynnti sér starfsemi ILO. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands tók jafnframt sæti sem varamaður í stjórn ILO en skv. skiptireglu norrænu ríkisstjórnanna opnaðist slíkur möguleiki 2020.

Júlí 2022,

Magnús M. Norðdahl